

Yfirlit yfir samþykktir nefnda vegna sumarbústaða í Fannardal

Frá fundi umhverfismálaráðs Fjarðabyggðar 26. júlí 2006

1. Samþykktir byggingarfulltrúa.

1.5 Fannardalur í Norðfjarðarsveit. Halldóra G Hákonardóttir sækir um leyfi til að byggja 22m² sumarhús í landi Fannardals. Varðandi lið 1.5 gerir nefndin athugasemd við byggingarleyfið og bendir á að gera þarf deiliskipulag af svæðinu og leita heimildar skipulagsstofnunar.

Frá fundi umhverfismálaráðs Fjarðabyggðar 30. ágúst 2006

2. Umsókn um bráðabirgða byggingarleyfi fyrir þremur frístundahúsum í Fannardal.

Guðröður Hákonarson sækir um bráðabirgðaleyfi fyrir þremur frístundarhúsum í landi Fannardals í Norðfjarðarsveit.

Umhverfismálaráð ítrekar fyrri samþykkt um byggingu frístundarhúsa í Fannardal og krefst þess að gert verði deiliskipulag af svæðinu sem fyrst og skilaði inn gögnum um frágang fráveitu og neysluvatns. Byggingarfulltrúa heimilað að gefa út tímabundið stöðuleyfi fyrir húsunum til bráðabirgða.

Frá fundi Eigna- skipulags- og umhverfisnefndar 23. ágúst 2010

13. 1008085 - Tillaga að deiliskipulag fyrir Fannardal á Norðfirði

Lögð fram deiliskipulags tillaga fyrir Fannardal í Norðfirði, dagsett 14. nóvember 2008 unnin af Þórhalli Pálssyni arkitekt. Nefndin yfirfer tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa hana.

Guðröður Hákonarson dregur tillögu um deiliskipulag til baka 22. mars 2011

Frá fundi Eigna- skipulags- og umhverfisnefndar 30. maí 2011

1103156 - Deiliskipulag vegna jarðarinnar Fannardals

Lagt fram kynningar eftirfarandi gögn:

- bréf, dagsett 22. mars sl. frá Guðröði Hákonarsyni eiganda jarðarinnar Fannardals í Norðfirði.
- minnisblað, dagsett 9. maí frá Sókn lögmannsstofu, unnið af Hilmari Gunnlaugssyni hrl.
- svarbréf, dagsett 26. maí frá mannvirkjastjóra.

Málið hefur áður verið til umfjöllunar á fundum bæjarráðs nr. 239 og nr. 246. Nefndin fór yfir gögnin.

Frá fundi Eigna- skipulags- og umhverfisnefndar 16. febrúar 2018

14. 1802111 - 740 Fannardalur - deiliskipulag frístundabyggðar

Lagt fram bréf Guðröðar Hákonarsonar landeiganda Fannardals í Norðfirði, dagsett 19. febrúar 2018, þar sem þess er óskað að áður auglýst deiliskipulag verði tekið fyrir að nýju og sett í tilskilið ferli.

Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir, fyrir sitt leyti, að deiliskipulagið verði auglýst að nýju. Endanlegri afgreiðslu er vísað til bæjarstjórnar.

Frá fundi Bæjarstjórnar Fjarðabyggðar 5. apríl 2018

12. 1804018 - 740 Fannardalur - Beiðni um afstöðu Fjarðabyggðar vegna stofnunar lóða

Framlagt bréf Guðröðar Hákonarsonar þar sem óskað er eftir afstöðu bæjarstjórnar fyrir hönd sveitarfélagsins til þess að fjórar sumarhúsalóðir verði stofnaðar á lögbylinu Fannardalur í Norðfirði.

Bæjarstjórn samþykkir með 9 atkvæðum að gera ekki athugasemdir við stofnun fjögurra lóða í landi Fannardals í Norðfirði.

Frá fundi Eigna- skipulags- og umhverfisnefndar 1. október 2018


7. 1802111 - 740 Fannardalur - deiliskipulag frístundabyggðar

Auglýsingartími er liðinn. Engar athugasemdir bárust. Umsagnir bárust frá Vegagerðinni, Minjastofnun Íslands og Heilbrigðiseftirliti Austurlands.

Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir, fyrir sitt leyti deiliskipulag frístundabyggðar í Fannardal. Uppdráttur með greinagerð, dags. 1. ágúst 2018. Málsmeðferð verði í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Endanlegri afgreiðslu er vísað til bæjarstjórnar.

Deiliskipulagið er auglýst og birt í Stjórnartíðindum 5. nóvember 2018

Samantekið 23. febrúar 2023



Snorri Styrkársson
fjármálastjóri